



Fundagerð

miðvikudagur 11.mars kl. 17:30

Mættir:

Kolbrún(Kolla), Eduardo, Örn, Margrét (Magga), Maria Guðrún, Varastjórn Hlynur, Vania og Richard (Rikki)

Málefni fundar:

1. Styrkir vegna HM og EM í framtíðinni, klára HM og EM í haust.
2. Klára þarf ákvörðun varðandi viðurkenningu hjá keppendum, NM.
3. Símakostnaður og bensínkostnaður formanns.
4. Meisam, Bréf sem þarf að klára. Fyrirfram greiðslur. EM Baku.
5. Lög TKI, fara yfir breytingar og gera greinagerð vegna breytingar á lögum.
6. Samningur við Chago, Klára, Framhald og tímasetningar.
7. Bréf sem sent var sænska sambandinu.
8. Önnur mál.

Styrkir vegna HM og EM í framtíðinni, klára HM og EM í haust

Rætt er um styrkina. Samþykkt að TKÍ munu styrkja keppendur á HM og EM að hámarki 50% af flugi og hóteli , fer það eftir fjölda keppenda sem getur haft áhrif á upphæð styrksins.

Samþykkt er að borga helming af flugi og hóteli fyrir keppendur sem fóru á HM og EM í haust 2014.

Klára þarf ákvörðun varðandi viðurkenningu hjá keppendum, NM

Samþykkt að TKÍ munu aðeins veita viðurkenningu fyrir fyrsta sætið á NM þegar um landsliðsverkefni er að ræða.

Samþykkt að veita viðurkenningu fyrir fyrsta, annað og þriðjasætið á stórmótum eins og OL, HM og EM.

Verðlaun fyrir mót

	1. sæti	2. sæti	3. sæti
Ólympíuleikar	200.000 kr.	150.000 kr.	100.000 kr.
Heimsmeistaramót	100.000 kr.	80.000 kr.	50.000 kr.
Grand Prix	80.000 kr.	50.000 kr.	30.000 kr.
Evrópumót	50.000 kr.	30.000 kr.	20.000 kr.
G-mót	30.000 kr.	20.000 kr.	10.000 kr.
Norðurlandamót	20.000 kr.	- kr.	- kr.

Verðlaun veitt ef það er keppandi fyrir neðan í sæti, ef keppandi er neðstur fær hann ekki verðlaun. Þör í þoomse skipta með sér verðlaunum.

Hópur skiptir með sér verðlaunum.

Hlynur fer af fundi.

Símakostnaður og bensínkostnaður formanns

Samþykkt er að hafa fasta tölu í símkostnað formanns og koma móts við formann varðandi bensínkostnað ef að formaður býr lengra en 50km í burtu frá ÍSÍ. Mikil kostnaður getur falið í sér að vera formaður og óþarfi að fólk í sjálfboða vinnu sé að sitja uppi með kostnað af slíku.

Meisam, Bréf sem þarf að klára. Fyrirfram greiðslur. EM Baku

Örn er búin að gera flott bréf sem er á þá veg að hann mun sjá um fjármál Meisam svo tryggt sé að félagið hans sé inn í hans málum.

Meisam er búin að fá greitt fyrir sept,okt,nóv og des frá ÓL styrk. TKI hefur ákveðið að greiða honum fyrirfram þar sem að OL styrkurinn kemur eftir á til þess að auðvelda Meisam fjárhagslega það sem að hann leggur út. TKI hefur fyrirfram greitt um tvo og hálfan mánuð af OL styrknum sem hann ætti að fá næst í Mai. Meisam fær aðra fyrirfram greiðslu í lok mars til þess að upphæðin verði sú sama og OL styrkurinn segir til um sem kemur í Mai.

Í maí á að koma næsta greiðsla inn frá OL og þá mun TKÍ endurskoða varðandi fyrirfram greiðslu.

Lög TKI, fara yfir breytingar og gera greinagerð vegna breytingar á lögum

Farið er yfir breytinga á lögum TKÍ. Lagað var í sameiningu það sem að við teljum vera best fyrir TKI á Íslandi. Breytingarnar felast helst í því að samræma lög TKÍ við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum ÍSÍ og tekin hafa verið viðmið hvernig önnur sambönd hafa gert. Þarf að senda tillöguna út til deilda eigi síður en tveimur vikum fyrir ársþing svo að deildir getir gert sér grein fyrir breytingunum. Örn er að vinna að lögnum og mun klára um helgina og senda svo á aðra stjórnarmenn.

Rætt er um að fá einhvern til að búa til greinagerð varðandi íþróttarmannvirki. Til að setja inná síðuna okkar. Einnig væri gott að taka fram lámarksbúnað fyrir íþróttadeildir að miða við til uppbyggingar deilda á Íslandi.

Samningur við Chago, klára, framhald og tímasetningar

Rætt var um samninginn við Chago. Meðfylgjandi skjöl fylgi með samningi þ.a.s, meðmæla bréf og sakarvottorð svo eitthvað sé nefnt. Farið var yfir komu Chago núna fyrir Íslandsmót, hver myndi sækja hann, hvar hann myndi vera og einnig hvernig planið hans væri á meðan dvöl hans yrði hér á landi. Ákveðið var að funda með Chago áður en Dómaranámskeiðið yrði í Framheimilinu til að ræða framtíð landsliðsins. Vania fer í það að redda sal.

Bréf sem sent var sænska sambandinu

Leitað var ráða til ÍSí varðandi bréfið sem sent var af einstaklingi til sænska taekwondo sambandsins varðandi Chago.

TKÍ mun skrifa einstaklingnum bréf varðandi þetta.

Önnur mál

- Fréttaflutningur vegna Íslandsmeistaramót. Þurfum við að vera duglegri að hafa samband við sjónvarpið þegar kemur að Íslandsmótum. Kolbrún mun hafa samband við fjölmiðla varðandi Íslandsmeistaramót.
- TKÍ barst styrktar umsókn frá Hlyni, vegna og æfingarbúðir vegna ÓL 2016 og einnig vegna HM í maí. Hlynur lagði sjálfur til hvað þetta myndi kosta og samþykkt er að styrkja Hlyn um 50% eða að hámarki 135.000 kr. til að fara á æfingabúðir fyrir OL 2016 sem halndar eru í Moskvu 2-7 apríl n.k. og HM í Rússlandi í maí en þar mun hann einnig sitja aðalfund WTF fyrir hönd TKÍ. Óskum við eftir því að hann haldi æfingarbúðirnar (sem hann er nú þegar búin að setja upp) og einnig vera yfirdómari á Íslandsmeistaramóti 2015 sem hann var einnig búin að samþykkja.
- Tekið var upp að það þyrfti að vera dagsetning af dómaranámskeiði þyrfti að liggja fyrir með lengri tíma og stefna að hafa brynjur og skorkerfi með í slíku námskeiði. Samþykkt er að stefna á að hafa dómaranámskeið tvisvar á ári: eitt í byrjun haustannar og eitt í janúar.
- Tekið var upp að uppbygging landsliðana varðandi erlendis keppnisferða er ekki alveg að ganga upp. Borist hefur frá óánægja frá foreldrum barna á aldrinum cadet – 18 ára fyrir því óöryggi varðandi hverjir fara sem ábyrgðarmenn. Foreldrar hafa ekki efni á að senda börnin í keppnisferðir ef að þau þurfa að fara með því að kostnaðurinn er það dýr. Samþykkt er að reyna koma á föstum farastjóra á stærri keppnisferðir sem eru á vegum TKÍ.
- Getur vel verið að HM poomsae sem hefði átt að vera í Nóvember í haust verði ekki vegna þess að WTF er að hugsa um að hafa HM í poomsae eins og HM í sparring, þar að segja á tveggja ára fresti. Hefur Edina áhyggjur af því að samningur hennar er eingöngu til Ágúst 2016 og verður því ekki farið á HM þá. Samþykkt er að samningur við Edinu sé framlengdur til 31. desember 2016.
- Tekið var upp það málefni að TKÍ hafi aldrei farið í að greiða upp útlagðan kostnað sem að fyrrverandi formaður hafi lagt til á sínum tíma til þess að aðstoða TKÍ sem hafði ekki pening til

Þess að greiða þessa upphæðir. Farið var í möppur og fundum við þessa reikninga sem greinilega var ekki búið að ganga frá auk þess mun fyrirverandi formaður sýna fram á aðrar kvittanir. Samþykkt var að ganga strax frá þessum málum þar sem að þetta á ekki að vera þannig að fólk innan stjórnar sé að leggja út fyrir TKI án þess að fá greitt til baka.

Fundi slitið kl. 20:20

Fundargerð ritar María Guðrún Sveinbjörnsdóttir.

